

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og visast málinu frá gestarjettinum; hin ofan-tilgreindu óvirðingarorð eiga að vera dauð og ómerk. Málskostnaður falli niður.

Nr. 35/1894:

Sigfús Sveinbjarnarson
 gegn
 Birni Bjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjerði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Björns Bjarnarsonar á Krossi gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum hinn 20. sept. 1893 á þá leið, að hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk, og að Sigfús Sveinbjarnarson var dæmdur til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, en til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi svo og til að greiða 50 kr. í málskostnað. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og gjört þær rjettarkröfur, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að hinu stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir

báðum rjettum með 100 kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur, eptir að aðalkröfu hans um frávisun málsins var hrundið með úrskurði þessa rjettar, upp kveðnum 18. marz þ. á., nú krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Kröfu sína um ómerking hins áfrýjanda dóms byggir áfrýjandi á því, að málið hafi ranglega verið rekið fyrir gestarjetti, og að sáttaumleitun sú, sem fram fór fyrir gestarjettinum, hafi ekki verið lögleg sáttaumleitun í málinu. Það verður og að álíta það rjett, að skilyrði fyrir gestarjettar meðferð á málinu hafi eigi verið fyrir hendi, því að af málskjölunum má sjá það, að málspartar báðir, eigi síður áfrýjandi en stefndi, hafa verið heimilisfastir í þinghætti; sáttaumleitun átti því að fara fram fyrir hinni reglulegu sáttanefnd.

Það verður því að dæma hinn áfrýjanda dóm ómerkan og vísa málinu frá gestarjettinum. Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður falli niður.